

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2009

frá 25. september 2009

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/411/EB frá 21. maí 2008 um samræmingu á tíðnisviðinu 3 400–3 800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/477/EB frá 13. júní 2008 um samræmingu á tíðnisviðinu 2 500–2 690 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/671/EB frá 5. ágúst 2008 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 875–5 905 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/673/EB frá 13. ágúst 2008 um breytingu á ákvörðun 2005/928/EB um samræmingu á tíðnisviðinu 169,4–169,8125 MHz í Bandalaginu ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5czc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 20008/294/EB):

„5czd. **32008 D 0411**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/411/EB frá 21. maí 2008 um samræmingu á tíðnisviðinu 3 400–3 800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 144, 4.6.2008, bls. 77).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 4.6.2008, bls. 77.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 29.

5cze. **32008 D 0477**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/477/EB frá 13. júní 2008 um samræmingu á tíðnisviðinu 2 500–2 690 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 37).

5czf. **32008 D 0671**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/671/EB frá 5. ágúst 2008 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 875–5 905 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum (Stjtíð. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 24).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 5ct (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/928/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32008 D 0673**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/673/EB frá 13. ágúst 2008 (Stjtíð. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2008/411/EB, 2008/477/EB, 2008/671/EB og 2008/673/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.